

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt, með síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Launaskattur greiðist með tvennu móti:

- a) Mánaðarlega samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 13. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr. sömu greinar.
- b) Einu sinni á ári samkvæmt ákvæðum 20. gr.

2. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver almanaksmánuður er uppgjörstímabil launaskatts. Gjaldldagi launaskatts er 1. dagur næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, vegna launa í uppgjörsmánuði, og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða skattinn innheimtumanni ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans í uppgjörsmánuðinum. Greinargerðin skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 140.200 kr. er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess mánaðar þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 1.402.000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 1.402.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og tekur hún til launa vegna starfa sem unnin eru frá 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 128, 24. febrúar 1988 um grásleppuveiðar.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Skal leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði vera sem hér segir:

- A. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur á Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.